

maður stefnanda, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, Jóni G. Mariassyni, bankastjóra Landsbanka Íslands, til þess að sækja þing í máli þessu sem vitni, en þinghaldið skyldi fram fara í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 þann 2. þ. m. kl. 14.

Jón G. Mariasson sótti þing samkvæmt vitnastefnunni. Kom hann fyrir dóm og fullnægði vitnaskyldu sinni.

Krafðist hann þóknunar fyrir ómak og tímatöf, er hann hefði beðið við að þurfa að koma fyrir dóm í máli þessu.

Umboðsmaður stefnanda neitaði að greiða nokkra þóknun til vitnisins og bar því við, að það hefði getað sparað sér og öðrum ómak og tímatöf af vitnaleiðslunni með því að gefa vottorð um þau atriði, sem það var spurt um. Slíkt vottorð hafi vitnið hins vegar neitað að gefa.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Telja verður, að samkvæmt ákvæðum 135. gr. laga nr. 85 frá 1936 eigi vitnið rétt á þóknun fyrir þingsókn sína. Yfirheyrsla vitnisins og bið í því sambandi mun hafa tekið rúma hálfa klukkustund. Með hliðsjón af því og öðru, er hér skiptir máli, þykir hæfileg þóknun til þess kr. 25.00, sem stefnanda ber að greiða.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

#### Því úrskurðast:

Stefnandi, Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins, greiði vitninu Jóni G. Mariassyni kr. 25.00 innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Kærumálið nr. 24/1952.

**Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda,  
Vestmannaeyjum,**

gegn

**Vestmannaeyjakaupstað og Jóni Hjaltasyni.**

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 15. október þ. á., sem hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í

fógetadómi Vestmannaeyja 15. október þ. á., þar sem synjað var kröfu sóknaraðilja um, að fógeti víki sæti í máli varnaraðiljans Vestmannaeyjakaupstaðar gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti neina greinargerð í kærumáli þessu, en ætla verður, að hann kæri úrskurð fógeta í því skyni, að krafa hans um, að fógeti víki sæti, verði tekin til greina.

Af hálfu varnaraðiljans Vestmannaeyjakaupstaðar er krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðilinn Jón Hjaltason hefur hvorki sent Hæstarétti greinargerð né kröfur í kærumálinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðiljanum Vestmannaeyjakaupstað kr. 500.00 í kærumálskostnað, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Sýnilegt er, að kæra þessi er í því einu skyni gerð að tefja fógetadómsmálið að óþörfu. Ber því samkvæmt 3. tl. 1. málsg. 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 14/1948, að dæma fyrirsvarsmanni sóknaraðilja, Jóhanni Sigfússyni framkvæmdarstjóra, er kærði mál þetta, 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, Vestmannaeyjum, greiði varnaraðilja Vestmannaeyjakaupstað kr. 500.00 í kærumálskostnað.

Jóhann Sigfússon greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 15. október 1952.**

Málavextir eru þeir, að með úrskurði réttarins, uppkveðnum 8. október s.l., var heimilað lögtak á ábyrgð gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Vestmanna-

eyja, hjá gerðarþola, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, til tryggingar og síðar lúkningar útsvarseftirstöðvum 1952, kr. 263.685.00, auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi réttargerðir til fullnustu, ef til kæmi. Var lögtaksúrskurðinum þegar áfryjað til Hæstaréttar af gerðarþola, en gerðarbeiðandi krafðist allt að einu framkvæmdar lögtaksins. Með úrskurði réttarins 10. október s.l. var framkvæmd gerðarinnar heimiluð á ábyrgð gerðarbeiðanda. Þá varð enn ágreiningur um, í hverju lögtak skyldi fram fara, og hinn 13. október s.l. var úrskurðað, að lögtak færi fram í fiski gerðarþola, nema hann vildi eða gæti bent á aðra lausafjármuni til lögtaks. Sama dag, er fógeti var mættur í skrifstofu gerðarþola til að framkvæma lögtakið samkvæmt úrskurðinum, gerði framkvæmdarstjóri gerðarþola, Jóhann Sigfússon, þær réttarkröfur, að fógeti, Jón Hjaltason lögfræðingur, fulltrúi bæjarfógeta í lögtaksmálum fyrir bæjarsjóð Vestmannaeyja, sem farið hefur með mál þetta frá upphafi, viki sæti sem fógeti við framkvæmd lögtaksins. Færði hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hann teldi, að ekki gæti farið saman, að fógeti hefði á hendi innheimtu fyrir bæjarsjóð Vestmannaeyja með vísun til rskj. nr. 1 í málinu og framkvæmd á lögtökum sem fógeti. Taldi, að í máli þessu kæmi fógeti bæði fram sem kröfuhafi og dómari. Gerði gerðarþoli þá kröfu, að fógeti úrskurðaði um hæfni sína eða vanhæfni, og var atriðið tekið undir úrskurð þá í réttinum.

Samkvæmt rskj. nr. 7 er Jón Hjaltason lögfræðingur löggiltur fulltrúi í forföllum og á ábyrgð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum til að framkvæma lögtök og aðrar fógetagerðir og kveða upp úrskurði í sambandi við téðar dómsathafnir.

Rétturinn lítur svo á, að fulltrúinn geti verið hæfur sem fógeti til meðferðar málsins og framkvæmdar lögtaksins, þótt hann sé starfsmaður hjá bænum, m. a. við innheimtu útsvara, og þiggi laun af bæjarsjóði, enda hefur langur praxis í Reykjavík og víðar staðfest þá skoðun. Enda má hér öldungis jafna til þess, er bæjarfógetar og sýslumenn krefja inn skatta og önnur gjöld til ríkisins með lögtaki, þótt séu starfsmenn ríkisins og þiggi laun af ríkissjóði. Veldur ekki vanhæfi þeirra þessi sýslan þeirra, þótt þeir síðar þurfi að úrskurða eða kveða upp dóma í sambandi við kröfur þessar. Rskj. nr. 1 í málinu er greiðsluáskorun til gerðarþola og jafnframt fyrirkall til lögtaks á ákveðnum tíma, sem á engan hátt getur gert fógeta vanhæfan við framkvæmd lögtaksins. Og það verður ekki á það fallið, að fulltrúi sá, er fer með fógetavald í máli þessu, sé kröfuhafi, fremur en bæjarfógetar og sýslumenn séu kröfuhafar í lögtaksmálum út af sköttum til ríkissjóðs, enda hefur hann ekki haft önnur afskipti af málinu en þau, sem samrýmast fógetastarfinu.

Mál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir fógetaréttinum, áður en fyrsti úrskurður var kveðinn upp í því, og kom þá engin krafa um, að fógeti viki sæti, og verður einnig að telja, að krafan um, að fógeti viki sæti, hefði orðið að koma fram, áður en munnlegur málflutningur hófst þá.

Samkvæmt framansögðu verður krafa gerðarþola ekki tekin til greina.

## Því úrskurðast:

Krafa gerðarþola, að Jón Hjaltason fulltrúi víki sæti sem fógæti við framkvæmd lögtaksins, skal ekki tekin til greina.

---

Mánudaginn 3. nóvember 1952.

Nr. 69/1950. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

**Björgvini Árnasyni og  
Þorgrími Starra Björgvinssyni**  
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og heimvísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómarrinn í máli þessu, Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, ritaði hinn 4. febrúar 1949 Björgvini Árnasyni, er síðar var ákærður í máli þessu, bréf, þar sem sýslumaður kemst m. a. svo að orði: „Hitt hefur svo sannazt enn betur en áður var upplýst, að bæði sonur yðar, Þorgrímur, og þér hafið veitt silung ólöglega og brotið gildandi veiðisamþykkt, enda hef ég játningu sonar yðar um þetta afbrot í bréfi til mín, og mun ég vísa því máli bæði til veiðimálastjóra og til dómsmálaráðuneytisins, og tel ég víst, að fyrirskipuð verði gegn yður og honum málshöfðun.“ Í bréfi, dags. 29. apríl 1949, tilkynnir sami sýslumaður Björgvini Árnasyni þá ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, að rannsakað skuli ætlað brot ákærðu gegn lögum nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og refsíábyrgð komið fram gegn þeim. Kveðst sýslumaður höfða mál gegn ákærðu, er snjóla leysi, og bætir síðan við: „Að vísu getur það mál orðið býsna alvarlegt, þar sem um ítrekað brot er að ræða.“ Í framangreindum ummælum lét sýslumaður í ljós ótvíræða skoðun um sekt ákærðu, áður en fullkomin rannsókn í málinu hafði fram farið og það dæmt. Verður því ekki talið, að hann hafi haft svo hlutlausu afstöðu til sakborninga og sakarefnis, að honum hafi verið rétt að rannsaka og dæma málið. Bar sýslumanni því að víkja sæti í málinu. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða